Ákvörðun um þvingunaraðgerðir skal þegar tilkynnt dómsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið getur ákveðið að þvingunarráðstöfunum skuli ekki beitt ef það telur að framsalsgrundvöllur sé ekki til staðar. Ef ráðuneytið ákveður ekki að þvingunarráðstafanir skuli felldar niður skal það hlutast til um að erlenda ríkinu verði tilkynnt um þær og að þær verði felldar niður ef framsalsbeiðni berst ekki svo fljótt sem verða má. Ef framsalsbeiðni hefur ekki borist innan 30 daga frá því að tilkynning var send skulu þvingunarráðstafanir felldar niður. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að lengja þennan frest.

20. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur samkvæmt beiðni heimilað að höfðað verði mál gegn þeim sem framseldur er samkvæmt lögum þessum eða hann látinn taka út refsingu fyrir annan refsiverðan verknað sem framinn er áður en til framsals kom og framselt var fyrir. Það sama gildir um samþykki til að hann verði framseldur áfram til þriðja ríkis fyrir refsiverðan verknað sem framinn var áður en hann var framseldur héðan.

Samþykki má því aðeins veita ef til framsals hefði getað komið fyrir verknaðinn samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 14. og 16. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Samþykki til að viðkomandi maður verði framseldur áfram til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er þó heimilt að veita ef skilyrði laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa eru til staðar.

Í beiðni um samþykki samkvæmt 1. mgr. skulu vera sömu upplýsingar og um getur í 2. mgr. 12. gr. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 14. og 16. gr. eftir því sem við á og um hvort hann óski eftir að notfæra sér þann rétt.

Þegar krafist er dómsúrskurðar um hvort skilyrði laga eru til staðar er óheimilt að veita samþykki fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Slík mál skulu lögð til úrskurðar í sakadómi í Reykjavík.

Samkvæmt beiðni getur dómsmálaráðuneytið leyft að um mál hins framselda manns sé fjallað af bráðabirgðadómstól eða öðrum dómstól sbr. 2. mgr. 11. gr., en einungis ef það er talið óhætt vegna málsmeðferðar fyrir þeim dómstól.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur leyft að maður, sem framseldur er frá einu erlendu ríki til annars, sé fluttur um íslenskt yfirráðasvæði nema ákvæði 2. gr. eða 4.—6. gr. hindri framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis fyrir verknaðinn.

Ef um er að ræða framsal til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar er heimilt að veita samþykki skv. 1. mgr., nema ef ákvæði 2. eða 4. gr. í lögum nr. 7/1962 um framsal til þessara landa komi í veg fyrir framsal frá Íslandi til viðkomandi ríkis.

IV. KAFLI

Önnur aðstoð vegna reksturs sakamála.

22. gr.

Til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki er heimilt að ákveða samkvæmt beiðni að ákvæðum þeim, sem um getur í VI. og VII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skuli beitt á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi.

Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki, sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera upplýsingar um tegund afbrots og hvar og hvenær

það var framið. Því aðeins er heimilt að verða við beiðni að sannað sé að það liggi fyrir ákvörðun um þvingunaraðgerðir sem eru í samræmi við löggjöf viðkomandi ríkis.

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn, sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður, er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.—7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað framangreindra skilyrða gerð krafa um að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef skilyrði 2. mgr. eru ekki til staðar eða ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

Ef það er líklegt að maður, sem dvelur á Íslandi og sem ekki er grunaður vegna málsins, hafi með lögmætum hætti þann hlut sem leggja skal hald á skal afhending hans til yfirvalda annars ríkis háð því skilyrði að hann, án kostnaðar, skuli sendur til baka þegar meðferð málsins er lokið.

23. gr.

Vegna meðferðar refsimáls í öðru ríki er samkvæmt beiðni heimilt að ákveða að maður, sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi samkvæmt dómi vegna refsiverðs verknaðar, skuli sendur til annars ríkis til yfirheyrslu sem vitni eða til samprófunar.

Beiðni skal send dómsmálaráðuneytinu nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki, sbr. 6. mgr. Í beiðni skulu vera nákvæmar upplýsingar um hinn refsiverða verknað.

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn, sem hún fjallar um eða sambærilegur verknaður, er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.—7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Beiðninni skal auk þess hafnað ef nærvera viðkomandi er nauðsynleg hér á landi vegna refsimáls eða ef aðrar ríkar ástæður mæla gegn því að flytja hann til hins ríkisins. Sérstakt tillit skal tekið til þess hvort flutningurinn sé líklegur til að lengja þann tíma sem hann myndi verða sviptur frelsi. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal í stað skilyrðis í 1. ml. þessarar málsgreinar gerð krafa um að framsal vegna verknaðarins sé óheimilt vegna ákvæða í 4. gr. laga nr. 7/1962 um framsal til þessara landa.

Dómsmálaráðuneytið skal strax hafna beiðni ef ljóst er að ekki er hægt að verða við henni. Sé beiðni ekki synjað samkvæmt þessari málsgrein skal málið sent ríkissaksóknara til frekari fyrirgreiðslu og skal hann hlutast til um að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Ef viðkomandi samþykkir ekki flutning skal sakadómur í Reykjavík kveða upp úrskurð um hvort lagaskilyrði til flutnings séu til staðar. Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um málið í heild. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni.

Í samningi við erlent ríki er heimilt að ákveða að málið skuli falið öðru stjórnvaldi en ráðuneyti til afgreiðslu.

Gera skal það skilyrði fyrir flutningi á manni að viðkomandi skuli sendur til baka svo fljótt sem verða má, ef til vill innan nánari ákveðinna tímamarka, og að ekki skuli hafin rannsókn í máli gegn honum meðan hann dvelur í hinu ríkinu, honum refsað þar eða hann framseldur áfram fyrir verknað sem hann framdi áður en flutningur átti sér stað.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

24. gr.

Úrskurðir þeir sem kveðnir eru upp samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Heimilt er að gera samninga við önnur ríki um skyldu til framsals og um aðra aðstoð vegna sakamála með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum laga þessara.

Án tillits til laga þessara getur framsal átt sér stað og beiðnir um aðstoð í sakamálum framkvæmdar í þeim mæli sem Íslands hefur skyldu til samkvæmt samningum gerðum fyrir gildistöku laga þessara við önnur ríki.

Framsal og önnur aðstoð í sakamálum er heimil samkvæmt lögum þessum þótt ekki sé það skylt samkvæmt samningi sem Ísland hefur gert þar að lútandi við viðkomandi ríki.

26. gr.

Ákvæðin í I. og II. kafla um framsal og þau ákvæði í III. kafla sem fjalla um framsal gilda ekki gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

27. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984. Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 9. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Helgi Seljan.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Jón Helgason.

21. apríl 1984 Nr. 14

LÖG
um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum um mengun frá skipum sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

Nr. 15 27. apríl 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Aftan við 4. mgr. 23. gr. laganna bætist:

Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar.

2. gr.

26. gr. breytist sem hér segir:

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. komi: 1 800 kr.

Í stað „7 000 kr.“ í 1. og 2. málslið 2. mgr. komi: 360 kr.

Í stað „10 000 kr.“ í 7. mgr. komi: 520 kr.

8. mgr. orðist svo:

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Síðasta mgr. orðist svo:

Útsvar skal lagt á í heilum tug króna, þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 26. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um sjóntækjafræðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Sjóntækjafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Sjóntækjafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Sjóntækjafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Sjóntækjafræðingi er skylt að halda dagbók um þá er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Um sjóntækjafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga, nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 18 24. apríl 1984

LÖG

um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ríkið starfræki stofnun sem nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Fyrir stofnuninni skal vera yfirlæknir, sérmenntaður í augnsjúkdómum og skal hann annast daglega stjórn stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu vera sjóntækja- og sjónfræðingar, sjónþjálfar, félagsráðgjafar, tæknimenn ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar, skv. lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast læknisþjónustu á vegum stöðvarinnar og yrði yfirlæknir augndeildar jafnframt yfirlæknir stofnunarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem skipar henni sérstaka stjórn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Blindrafélagið tilnefnir einn og Augnlæknafélag Íslands einn. Sömu reglur gilda um varamenn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem sjónskertir þurfa á að halda.

Stofnunin skal í samráði við landlækni halda skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir.

Við stofnunina skal starfrækja sjóngleraþjónustu undir stjórn sjóntækjafræðings.

Stofnunin hefur yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu sjónskertra, sjóntækjameðferð og sjónrannsóknum í samráði við aðra aðila er starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar sérhæfðum hjálpartækjum fyrir sjónskerta sem yfirlæknir hennar eða aðrir læknar á vegum stöðvarinnar úrskurða nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur í samráði við landlækni ferðir starfsmanna sinna og annarra séfræðinga til aðstoðar sjónskertum úti á landi.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við starfandi kennara blindradeildar sérfræðilega umsjón með sjónþjálfun og auglæknisfræðilegri meðferð og rannsókn sjónskertra nemenda í skólum landsins.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um þá þjónustu við blinda og sjónskerta sem veitt er á stöðvunum. Skulu heilsugæslustöðvar tilkynna stofnuninni um alla sem eru eða grunur leikur á að séu sjónskertir.

10. gr.

Ráðherra ákveður aðsetur stofnunarinnar að höfðu samráði við stjórn hennar og skal heimilt að samnýta húsnæði með öðrum opinberum aðilum eða hagsmunaaðilum eftir því sem um semst. Sama gildir um starfsfólk.

11. gr.

Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þegar í stað og skal hún vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 19 24. apríl 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti. Sama gildir um skreið sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem er framleitt á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en af

skiptaverðmæti við landanir erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, og koma þær ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð, eftir því sem við getur átt.

II

Á árinu 1984 skal framlag ríkissjóðs skv. ákvæðum 2. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laganna renna til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjávarútvegsráðuneytið mun setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

Nr. 22 24. apríl 1984

LÖG

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

Albert Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1984

24. apríl 1984 37 Nr. 23

LÖG

um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá reiknuðum tekjuskatti skv. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, álögðum á árinu 1983 á tekjur ársins 1982 skal, auk persónuafsláttar skv. 68. gr. sömu laga, draga sérstakan persónuafslátt er nemi 1 400 kr. fyrir hvern mann er um ræðir í 1. mgr. 67 gr. laganna.

Um ráðstöfun þess hluta sérstaks persónuafsláttar, er ekki nýtist til lækkunar reiknuðum skatti, fer eftir ákvæðum 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981.

Enn fremur skal, auk barnabóta skv. 69. gr. sömu laga, greiða á gjaldárinu 1983 sérstakar barnabætur fyrir þau börn, er um ræðir í þeirri grein og yngri eru en 7 ára í lok tekjuársins, er nemi 3 000 kr. fyrir hvert barn. Um ráðstöfun þessa barnabótaauka fer eftir ákvæðum 69. gr.

2. gr.

Bætur lífeyristrygginga skv. lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og greiðslur skv. 73. gr. laganna skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983 og þær bætur um 4% hinn 1. október 1983. Þessar breytingar koma í stað breytinga skv. 79. gr. sömu laga.

Hinn 1. júní 1983 skal þó fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, svo og heimilsuppbótar skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, hækka um 5% umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skal hinn 1. júní 1983 fjárhæð mæðralaun skv. 15. gr. laga nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, hækka umfram það sem segir í 1. mgr. þessarar greinar sem hér segir:

Með einu barni um 100%.

Með tveimur börnum og fleiri um 30%.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Á árinu 1983 er fjármálaráðherra heimilt að lækka ríkisútgjöld frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir árið 1983 um allt að 300 milljónum króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson. **Þorvaldur Garðar Kristjánsson.** **Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Nr. 24 17. maí 1984

LÖG

um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní 1984 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá gildistöku laga um launamál, nr. 71/1983.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn, verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum óheimilt að segja flugmönnum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni flugmanna eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1984. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1984

Nr. 25 40 30. mars 1984

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf síðustu mgr. 14. gr. orðist svo:
Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 24 180.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 15 156
Með tveimur börnum	kr. 39 708
Með þremur börnum eða fleiri	kr. 70 428

3. gr.

1. og 2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 56 736 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 1 422 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

4. gr.

Síðasta mgr. 19. gr. orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkana samkv. þessari grein, þar á meðal nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar og uppbóta skv. 3. og 4. málsgrein. Tekjufjárhæðir í 1. mgr. miðast við tekjur árið 1982. Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Síðasta mgr. 51. gr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en 4 **mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum** tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofn**uninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.**

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

15. maí 1984 Nr. 26

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló hf., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972, um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

a) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 40%:
08.01.79, 08.03.00, 19.03.00, 19.05.00, 20.02.02, 20.03.00, 21.02.19, 21.07.05, 21.07.06, 69.11.00, 69.12.00, 70.12.00, 73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.08.00, 82.09.01, 82.09.09, 82.14.00, 85.12.54, 87.13.01, 87.13.09 og 98.15.00.

b) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður:
90.01.01, 90.03.00, 90.04.09 og 90.19.10.

c) Tollskrárnúmer 70.13.00 ásamt skiptiliðum orðist svo:

		Tolltaxti %
70.13	Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19):	
–01	Borðbúnaður og búsáhöld	40
–09	Annað	80

2. gr.

Lög þessi eru sett til að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1983.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ný gr. er verði 12. gr. og orðist svo:

Innflutningur og notkun á lifandi smitefnum (bakteríum, veirum, sveppum, sníkjudýrum og „lifandi" ónæmisefnum), sem valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í mönnum, dýrum og fiskum, er óheimil.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. mæli ríkar ástæður með skv. sérstakri umsókn opinberra rannsóknastofnana. Í umsókn skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um notkun, framleiðslu, meðferð, gerð íláta, merkingu íláta, geymslu, varúðarráðstafanir og eyðingu efnanna. Heilbrigðisráðherra getur sett sem skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa, sé um að ræða tilraunir, að viðkomandi kaupi vátryggingu er nái yfir allan hugsanlegan skaða. Leyfi til innflutnings og notkunar skv. þessari grein á efnum, er valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í dýrum eða fiskum, er og háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Áður en leyfi er veitt skv. þessari grein skal ávallt leita umsagnar landlæknis eða yfirdýralæknis, eftir því sem við á hverju sinni.

2. gr.

12. gr. verði 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

15. maí 1984 Nr. 29

LÖG

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna breytist 39. tl. og orðist svo:
Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um heimild fyrir fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum er hann metur gildar, að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 1,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Nr. 31 15. maí 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra" í 3. mgr. 19. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Í stað orðanna „skotið til ráðherra" í 4. mgr. 21. gr. laganna komi orðin: skotið til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

a) Í stað orðanna „getur aðili borið undir ráðherra þann sem fer með vörumerkjamál" í 44. gr. laganna komi orðin: getur tilkynnandi borið undir áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
b) Í stað orðsins „ráðherra" í 2. málsl. 44. gr. laganna komi orðin: áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
c) Í stað orðanna „eða ráðherra tók ákvörðun sína" í niðurlagi 44. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum tók ákvörðun sína.

4. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist þannig:

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum, samkvæmt 19. og 21. gr., sbr. 1. mgr. 44. gr. laga þessara. Iðnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur. Aðra nefndarmenn skipar iðnaðarráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum. Áfrýjunarnefndin ákveður málsmeðferðarreglur í hverju einstöku máli með hliðsjón af meginreglum einkamálaréttarfarsins. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Aðilar máls skulu greiða gjald vegna áfrýjunar sem ákvarðast í reglugerð um gjald fyrir vörumerki o. fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

15. maí 1984 Nr. 32

LÖG

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

Nr. 34 18. maí 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. grein laganna orðist þannig:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965. Eftir að alþjóðasamþykktin um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969, hefur tekið gildi skal þó heimilt að mæla íslensk

skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á þjóðernisskírteini, öryggisskírteini og/eða haffærisskírteini skipa þar til öðruvísi verður ákveðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjórna. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

13. grein laganna orðist þannig:

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf (International Tonnage Certificate) og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

Skip undir 24 metrum að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

23. maí 1984 Nr. 35

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilit að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „á hann þá heimtingu á að málið verið tekið upp aftur og rannsakað á ný" í 16. gr. laganna komi orðin: getur hann þá skotið málinu til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Á eftir orðinu „ráðuneytið" í 1. málsl. 17. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðist þannig:

Nefnd sú, sem skipuð skal samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, úrskurðar í deilumálum skv. 16. gr., sbr. 17. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

Nr. 37

LÖG

23. maí 1984

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóni Sigurðssyni eyðijörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 29. maí 1984 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 74. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eftir þriggja ára nám eða síðar á námsferlinum geta stúdentar sótt um að verja einu ári til fræðilegs náms á tilgreindu sviði eða til að vinna að rannsóknaverkefni undir eftirliti tilgreinds háskólakennara. Slíku námi skal ljúka með samningu ritgerðar eða prófi og ritgerð, sem metin er til einkunnar samkvæmt reglum sem deildin setur. Hámarks námstími stúdenta, sem verja heilu ári til fræðilegs náms eða rannsóknastarfa, lengist upp í 9 ár.

2. gr.

Við 75. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stúdentar, sem lokið hafa eins árs fræðilegu námi eða rannsóknaverkefni á námsferli sínum, geta auk þess fengið B. S.-gráðu ef kunnátta þeirra á viðkomandi fræðasviði eða rannsóknavinna er talin fullnægjandi að dómi umsjónarkennara og tilgreinds prófdómara.

3. gr.

82. gr. orðist svo:

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B. S.-prófi. Hámarkstími er 6 ár. Til þess að flytjast milli námsára má nemandi eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra. Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4.0 í efnafræði I og II.
2. 6.0 í hjúkrun sjúklinga á handlækninga- og lyflækningadeildum, fæðingarhjúkrun, barnahjúkrun, geðhjúkrun og heilsugæslu.

Lágmarkseinkunn, 6.0, skal vera í hvorum þætti fyrir sig, bóknámi og verknámi.

3. 5.0 í öðrum námsgreinum.

4. gr.

3. mgr. 91. gr. falli burt.

5. gr.

2. ml. 1. mgr. 108. gr. orðist svo:

Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmisseris 1. árs.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. tekur þó ekki til þeirra stúdenta sem stunduðu nám í tannlæknadeild háskólaárið 1983—84.

Menntamálaráðuneytið, 29. maí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsgr. 27. tölul. 3. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 11 1981) orðist svo:

Þó skal heimilt að fella niður að fullu tolla og aðflutningsgjöld af allt að 40 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 40 25. maí 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem afgreidd verða á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd skuldbreytingarlána samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu, meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í, eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 42 25. maí 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1982, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1984

30. maí 1984 53 Nr. 43

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1984 að lækka ríkisútgjöld um allt að 370 m. kr.

2. gr.

Samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna skal eigi nema hærri fjárhæð en 658 m. kr. á árinu 1984.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna á árinu 1984 miðuð við það fjármagn sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., er heimilt að greiða framlög úr ríkissjóði á árinu 1984 vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1983—1984 er nemi allt að 468 m. kr. Framlög umfram 468 m. kr. verði ekki greidd úr ríkissjóði á árinu 1984.

4. gr.

1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, orðist svo:

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum. Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða, sbr. 1. mgr. 4. gr., innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

4. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, orðist svo:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Skulu greiðslur Jöfnunarsjóðs inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum skv. 3. gr.

Skal Innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. apríl hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr., fyrir 1. júní ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

6. gr.

2. mgr. 74. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 11/1982, um breytingu á þeim lögum, orðist svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1984 eigi nema hærri fjárhæð en 495 m. kr. og greiðslur af verðtollstekjum eigi nema hærri fjárhæð en 100 m. kr.

8. gr.

3. mgr. 45. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a. m. k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðreynd af lækni.

9. gr.

1. málsl. a-liðar 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur gert samning við.

10. gr.

B-liður 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis hjá sérfræðingum sem Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga hefur samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveða skal með reglugerð.

11. gr.

1. mgr. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert fyrir þeirra hönd, eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir:

12. gr.

Í stað „37,5%“ í 1. málsl. 2. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 25%.

13. gr.

Í stað „75%“ í 3. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 50%.

14. gr.

Í stað „75%“ í 1. og 2. mgr. 4. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, komi: 50%.

15. gr.

5. tl. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

16. gr.

Frá gildistöku þessara laga til 1. apríl 1985 er greiðsla samkvæmt b-lið 43. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, ekki háð tilvísun heilsugæslulæknis/heimilislæknis.

17. gr.

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

18. gr.

Niðurlag 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 11 árum eftir gildistöku laganna.

II. KAFLI

19. gr.

Á árinu 1984 skal ríkissjóður greiða sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1983 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 20. og 21. gr. laga þessara.

20. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 12 000 kr. með hverju barni.

Upphæð barnabótaauka skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1983 fer fram úr 220 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 370 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1983 fer fram úr 150 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 300 000 kr.

21. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 250 000 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 1,2% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 000 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1 500 000 kr.

22. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd 19.—22. gr. laga þessara.

23. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1984 til 31. desember 1984 skal innheimta við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum og hráefni í fóðurblöndur sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10.01.10	11.01.22	23.04.20
10.01.20	11.02.21	23.04.30
10.02.00	11.02.29	23.04.40
10.03.00	11.02.39	23.04.50
10.04.00	17.03.01	23.04.60
10.05.00	23.02.10	23.04.70
10.07.10	23.02.20	23.04.80
10.07.20	23.02.30	23.04.90
10.07.30	23.03.00	23.06.00
11.01.21	23.04.10	23.07.00

Gjald skal nema kr. 1,30 af hverju kílógrammi.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í 5 kg smásöluumbúðum eða minni og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis.

24. gr.

Um gjald skv. 22. gr. skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., og laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð eða öðrum fyrirmælum um framkvæmd gjaldtöku skv. 23. gr.

III. KAFLI

26. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

27. gr.

Félagsmálaráðherra f. h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að taka allt að 150 m. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp gjaldfallnar skuldir Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Vexti og afborganir af láni þessu greiðir Jöfnunarsjóðurinn af tekjum sínum óskiptum, sbr. ákvæði h-liðar 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð eða taka jafnhátt lán og endurlána það Jöfnunarsjóði.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 1 222 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

22. maí 1984 Nr. 44

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi 106. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, þriðjudaginn 22. maí 1984. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1984

Nr. 45 58 15. maí 1984

LÖG

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.
2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

LÖG

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra og 12 sjómílna landhelgi umhverfis það, og skal sú landhelgi afmörkuð á sama hátt og gert er í 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Þá skal og teljast til tollsvæðis ríkisins loftrými það sem er yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

2. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Grundartangi
2. Borgarnes
3. Rif
4. Ólafsvík
5. Grundarfjörður
6. Stykkishólmur
7. Patreksfjörður
8. Þingeyri
9. Flateyri
10. Suðureyri
11. Bolungarvík
12. Hólmavík
13. Hvammstangi
14. Blönduós
15. Skagaströnd
16. Sauðárkrókur
17. Ólafsfjörður
18. Dalvík
19. Raufarhöfn
20. Þórshöfn
21. Vopnafjörður
22. Reyðarfjörður
23. Fáskrúðsfjörður
24. Djúpivogur
25. Höfn í Hornafirði
26. Þorlákshöfn
27. Selfoss.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi tollyfirvalda að breyta fjölda tollhafna hafi vöruflutningar um viðkomandi höfn breyst verulega með tilliti til magns, skilyrði til tolleftirlits og vörslu á vörum eru talin ófullnægjandi eða telja verður af öðrum ástæðum að breyta þurfi fjölda tollhafna.

3. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæslunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um að á skrána séu færðar allar þær vörur sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.

5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir gáma sem farið flytur, fjölda þeirra, auðkenni og innihald hvers um sig.
9. Skrá yfir allar aðrar vörur sem farið kann að flytja.
10. Öll önnur tollskjöl sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
11. Önnur skjöl og skilríki sem ákveðið kann að verða eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

4. gr.

25. gr. orðist svo:

Stjórnandi fars, sem er í millilandaferðum, skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að ekkert hverfi undan lás og allt, sem undir lás skal vera, sé þar.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars gerir skrá í þríriti yfir vörur skv. 1. mgr. Frumritið afhendist tollgæslunni við komu fars. Tvö eintök skulu fylgja fari meðan það er hér við land, og sendist tollgæslunni annað eintakið við brottför til útlanda en hitt skal vera í farinu við næstu komu þess til landsins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

5. gr.

3. og 4. mgr. 32. gr. orðist svo:

Tollgæslan gefur fari tollvegabréf til útlanda telji hún ástæðu til, enda hafi stjórnandi fars fullnægt öllum skyldum sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti og ber að senda tollgæslustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er. Hið sama gildir ef sérstök innsiglisskrá er gerð.

6. gr.

2. mgr. 50. gr. orðist svo:

Nú er fleiri en ein vörusending skráð á sama farmbréf og er þá heimil greiðsla aðflutningsgjalda af hverri sendingu fyrir sig ef farmflytjandi skiptir upprunalega farmbréfinu með útgáfu nýrra bréfa.

7. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi“.

b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum."
c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
4. að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld er til útlanda.

8. gr.

Í stað tölunnar „500" í 68. gr. laganna komi: 15 000.

9. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

10. gr.

2. mgr. 76 gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 40 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 80 000 kr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Albert Guðmundsson.

30. maí 1984 Nr. 47

LÖG

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

3. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár (í fullu starfi).

4. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

5. gr.

1. og 2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

6. gr.

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið

töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira, enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

7. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann verið sjóðfélagi í 3 ár eða lengur vegna starfs í þjónustu launagreiðanda sem aðild á að sjóðnum miðast elli-, örorku- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

8. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa hafið töku lífeyris við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að um lífeyri þeirra fari samkvæmt 4. og 6. gr. laga þessara. Þeir sjóðfélagar, sem óska að neyta þessa réttar, skulu tilkynna stjórn lífeyrissjóðsins þá ákvörðun sína fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjóðfélagar, sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi, eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við ákvæði 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna (sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984) þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborgarnir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

Nr. 49 28. maí 1984

LÖG

um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Áburðarverksmiðju ríkisins er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 80 millj. kr. sem ríkissjóður ábyrgist í samræmi við ákvæði 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1983. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða helming hverrar afborgunar og vaxta af láni þessu og skulu þær greiðslur metnar sem stofnframlag ríkissjóðs í Áburðarverksmiðju ríkisins vegna byggingar saltpéturssýruverksmiðju.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um lífeyrissjóð bænda

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Lífeyrissjóður bænda starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar, er stunda störf við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Ráðherra, er fer með málefni lífeyrissjóða, skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórn skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn af stjórn Stéttarsambands bænda en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambandi bænda sameiginlega. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda skal hann tilnefndur af ráðherra sem fer með landbúnaðarmál.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við aðra aðila um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánum er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn til ársloka 1985. Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteign.

Heimilt er sjóðstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðstjórn heimilt að víkja frá þessu í byggðarlögum sem Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki tryggingafræðingi rannsókn leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því sem á vantar þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti af verði til framleiðenda. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótframlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur, sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda, skulu annast innheimtu mótframlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og

skal þá endurgreiða það, sem umfram er, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjalddagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns vegna búrekstrar, sbr. 1. mgr. 7. gr., skulu skiptast milli þeirra til helminga. Nái iðgjald þessara sjóðfélaga vegna búrekstrar ekki því hámarki er um getur í 1. mgr. 7. gr. og hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri er skapa rétt til lífeyris í þessum sjóði eða öðrum getur sjóðstjórn þá fallist á umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Aldrei getur slík skipting þó leitt til þess að hærra iðgjald sé reiknað sjóðfélaga vegna búrekstrar en nemur hámarki iðgjalds einhleyps bónda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Falli iðgjöld annars niður vegna aldurs, töku ellilífeyris eða fráfalls skal með sömu takmörkunum reikna hinu iðgjöld vegna búrekstrarins. Verði annar sjóðfélaginn öryrki í þeim mæli sem í 10. gr. segir skal skipting ákveðin á ný í samræmi við orkutap, þó aldrei fyrr en frá byrjun þess árs er úrskurður um orkutap er kveðinn upp.

Að lokinni skiptingu samkvæmt 1. mgr. skulu samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig hvers árs reiknast þannig að deilt skal með viðmiðunarlaunum ársins í 24-föld iðgjöld sjóðfélagans fyrir það árið.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs er taka ellilífeyris hefst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 0,5 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,4% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins annaðhvort samfleytt undanfarna 18 mánuði eða undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi til langframa er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal fyrstu þrjú árin aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, atvinnuleysis eða slæms árferðis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorka óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess almanaksárs er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til loka þess almanaksárs er hann nær 67 ára aldri. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum sem af 1. mgr. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarna 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum í þrjú ár eftir andlátið, enda hafi hjónabandið þá staðið a. m. k. í tvö ár. Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir þó veittur til 18 ára aldurs barnsins án tillits til hjúskapartíma. Kjörbarn þeirra skapar sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. mgr., enda hafi ósk um aðild að sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. borist sjóðnum a. m. k. einu ári fyrir andlátið. Nú annast sambúðarmaður eða sambúðarkona eða systkini sjóðfélaga heimili hans án þess að vera sjálft sjóðfélagi og er þá stjórn sjóðsins heimilt að verða við skriflegri ósk sjóðfélagans um sams konar rétt hlutaðeigandi manni til handa.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða makalífeyri að hluta eða að fullu að þeim tíma loknum sem tiltekinn er í 1. mgr. ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri eftir 67 ára aldur hins eftirlifandi maka. Aldrei skal makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein þó vera hærri en

svo að hann svari til 40 stiga að frádregnum þeim stigum sem hinum eftirlifandi maka hafa sjálfum verið reiknuð. Taka skal á hliðstæðan hátt tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum.

Upphæð fulls makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali viðmiðunarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar 10. gr., en síðan til loka þess almanaksárs er hann hefði náð 67 ára aldri í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makalífeyrisþeginn gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem undanfarna 6 mánuði hefur greitt iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 4. mgr. 11. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga er nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma sé uppfyllt. Sama gildir ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af öðrum ástæðum en veikindum af starfi er veitti honum aðgang að sjóðnum telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði eða lengur og öðlast a. m. k. 0,5 stig fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda til sjóðfélaga er óheimil nema þegar svo stendur á sem greinir í 5. mgr. 7. gr., sbr. enn fremur ákvæði 15. gr. um flutning milli lífeyrissjóða.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið hans vegna. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Hafi náð 70 ára aldri.
b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris samkvæmt 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð, sbr. 2. mgr. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systkini bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði eldri laga um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal viðmiðunarlauna, sbr. 3. mgr. 8. gr., næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættu 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. mgr. 17. gr. taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. grein kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. og 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu er nema 1/4 viðmiðunarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en 3/4 skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. og 18. gr. greitt að 37,5% af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 62,5% úr ríkissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris samkvæmt 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar er sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

Skylt er þeim, er nýtur lífeyris samkvæmt 18. gr. sem kvæntur bóndi, að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðarmaður eða sambúðarkona fellur frá ellegar hjúskap eða óvígðri sambúð er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðstjórn krafist dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 7. gr. ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess að tilkynning um hjúskap hefur ekki borist henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Upphaf sjóðsaðildar vegna óvígðrar sambúðar og skyldur þær og réttindi samkvæmt I. kafla, er af henni leiða, miðast við þann tíma er skrifleg ósk beggja aðila hefur borist sjóðstjórn. Úrganga úr sjóðnum vegna slita á óvígðri sambúð og brottfall slíkra réttinda og skyldna er af því leiða miðast við þann tíma er skrifleg tilkynning annars sambúðaraðila um sambúðarslitin berst sjóðstjórn.

22. gr.

Lánstími skal vera allt að 16 árum, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.

27. gr.

Lán skv. 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að gera tilraunir með tækninýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, enda fylgi staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins. Heimilt er að hafa fyrirgreiðsluna í formi styrks.

28. gr.

Fjárhæð láns skv. 8. tl. 11. gr. og lánstíma skal ákveða hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr. um lánskjörin.

Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

29. gr.

Lán skv. 9. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði.

Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum skv. samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina skv. reglum sjóðsins.

Nú notfærir framkvæmdaaðili í byggingariðnaði sér ekki heimild til framkvæmdaláns hjá Byggingarsjóði ríkisins og skal þá heimilt að greiða út lán til ofangreindra aðila með þeim hætti að fyrri hluti lánsins komi til útborgunar einum mánuði eftir að bygging er fokheld og seinni hluti sex mánuðum síðar.

30. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af hverjum lánaflokki Byggingarsjóðs ríkisins. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjöld og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lán skv. 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánum skv. 8. tl. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.—7. tl. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

31. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. eitt almanaksár í senn.

Enn fremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim lánaflokkum þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka innan ársins, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

32. gr.

Hámarkslán má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, skv. þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka. Þó skal viðmiðun lána til nýbygginga á lögbýlum vera einum staðli hærri en gildir miðað við fjölskyldustærð lántakanda.

Húsnæðismálastjórn ákveður staðalíbúðir fyrir þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfur um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar, svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

IV. KAFLI

Byggingarsjóður verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

33. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:

a. Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
b. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.
c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.

34. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
b. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.
c. Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
d. Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b og c nægir ekki til áformaðra framkvæmda.

Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu.

35. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 34. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans á hverjum tíma.

36. gr.

Í öllum kaupstöðum, kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélög ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

37. gr.

Stjórnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

38. gr.

Að lokinni könnun skv. 37. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða eða leiguíbúða fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélags fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

39. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 32. gr. þessara laga miðað við stærð fjölskyldu.

Ef nauðsynlegt er vegna aðstöðu á byggingarstað eða af öðrum ástæðum að byggja bílskúr eða bílskýli með íbúðum í verkamannabústöðum skal kostnaður við þær framkvæmdir dreginn frá byggingarkostnaði íbúðanna áður en lán til þeirra er ákveðið.

Við endursölu á íbúð í verkamannabústöðum skal bílskúr eða bílskýli, sem tilheyrir íbúðinni, metið sérstaklega og er eigi skylt að staðgreiða seljanda þann hlut eignarinnar.

40. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. c-lið 34. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en hefja á framkvæmdir.

41. gr.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið. Senda skal skriflega álitsgerð um framangreind atriði til hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

42. gr.

Að lokinni athugun og fengnum umsögnum, sbr. 41. gr., tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin falli undir ákvæði 33. gr. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar heimilar hún stjórn verkamannabústaða að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

43. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 49. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stefndur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni.

Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 57. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

44. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
b. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
c. Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar kr. 318 000 fyrir einhleyping eða hjón og kr. 29 000 fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

   Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltöl tekna á árinu 1983. Tekjumörk þessi skulu ákvörðuð af húsnæðismálastjórn í upphafi hvers árs, að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngilda unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna, allt að 8 klst. hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal þó heimilt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 516 árlegar vinnustundir hið minnsta.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum b-liðar þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c-liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

Enn fremur er heimilt að víkja frá b- og c-liðum þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán skv. þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

45. gr.

Stjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru skv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum sem ákveðnar eru í 44. gr. og nánari ákvæðum sem sett verða í reglugerð.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingunni skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir skv. ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum og með hliðsjón af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem staðsetningu og sérbúnaði íbúðar. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar.

46. gr.

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp í áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum skv. ákvörðun stjórnar verkamannabústaða fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

47. gr.

Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu sem annist sameiginleg verkefni.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

48. gr.

Íbúðareiganda er heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum en þeim sem greinir í 49. gr. laga þessara.

Ekki er heimilt að leigja íbúð í verkamannabústað án samþykkis stjórnar verkamannabústaða og er leigusamningur ella ógildur. Stjórnin getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma. Ef ekki er farið eftir settum reglum er heimilt að gjaldfella lán þau sem greinir í 49. gr. laga þessara. Einnig skal fella niður verðbætur til íbúðareiganda við sölu íbúðar, sbr. 51. og 63. gr. laga þessara, þann tíma sem íbúðin er leigð án heimildar.

49. gr.

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 80% af kostnaði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga, þó ekki hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði þeirrar framkvæmdar sem í gangi er. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður. Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal Húsnæðisstofnun yfirfara teikningar og gera tillögur um skv. hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð. Sveitarstjórn, eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði, ber fulla ábyrgð á framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni Byggingarsjóðs verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er. Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll láns við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna.

Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjöld og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar lána skulu vera eigi færri en fjórir á ári. Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Tilsvarandi fyrirgreiðslu veitir sjóðurinn og með sömu kjörum vegna endursölu íbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum laga þessara um forkaupsrétt þeirra.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir hóflegt hlutfall dagvinnutekna hlutaðeiganda.

50. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum, byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og koma til endursölu, við verði sem tilgreint er í 51. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

51. gr.

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn sem kaupir íbúðina og selur að nýju skv. ákvæðum þessara laga og reglugerða skv. þeim.

Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Við greiðslur þessar bætast verðbætur skv. vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi eða að mati matsnefndar félagslegra íbúða.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin er afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda skv. samkomulagi eða mati matsnefndar, svo og lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar skv. ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi og skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð og skal þar m. a. byggt á upplýsingum Fasteignamats ríkisins. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði verkamanna skulu þá afskrifaðar í sama hlutfalli.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð skv. vísitölu lánskjara frá þeim tíma, þegar íbúðin var afhent, til söludags. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Við framanreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðu til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 80% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 80% af söluverði íbúðarinnar.

52. gr.

Stjórn verkamannabústaða getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu þegar um er að ræða hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

53. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið skv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 50. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 2. mgr. 51. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali skv. þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

54. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun skv. 37. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða skv. b-lið 33. gr. og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna. Á sama hátt skulu þeir aðilar, sem hyggjast standa að byggingu leiguíbúða skv. c-lið 33. gr., að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórn, senda inn

formlega umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Í umsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

Umsókn skal berast Húsnæðisstofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

55. gr.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögu byggingaraðila á sama hátt og fyrir er mælt í 41. gr. að því er verkamannabústaði varðar.

56. gr.

Telji húsnæðismálastjórn fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- eða c-liðar 33. gr. þessara laga heimilar hún byggingaraðila að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðila til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði famkvæmdanna.

57. gr.

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi byggingaraðila leiguíbúða. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna skv. 1. mgr. 58. gr. þessara laga. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal byggingaraðili senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

Framkvæmdalánin skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum þessum. Ákvörðun um vextina tekur ríkisstjórnin að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

58. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði sem gildir til viðmiðunar fyrir samsvarandi íbúðir, sbr. ákvæði 32. gr. laga þessara.

Annan kostnað við framkvæmdir skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera.

Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur verði samsvarandi íbúða skv. 32. gr. og skal þá hlutaðeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

Heimilt er aðilum er byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr. að selja leigutaka eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni, en greiðist síðan með fullum verðbótum skv. lánskjaravísitölu auk vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Lánin skulu vera til allt að 31 árs og afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu á 30 árum. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr.

Gjalddagar lánanna skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

59. gr.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga skv. b-lið 33. gr., skal sveitarstjórn ráðstafa. Við úthlutun íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við

lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera.

Leiguíbúðum, sem byggðar eru skv. c-lið 33. gr., skal lántakandi ráðstafa.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

60. gr.

Nú er talið hagkvæmt að kaupa húsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa skv. 58. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lán sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði, að frádregnum áhvílandi lánum, og lánað er til nýbygginga.

61. gr.

Óheimilt er að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

V. KAFLI

Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum skv. lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

62. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar hafa verið skv. eldri lögum um verkamannabústaði og veitt hefur verið lán til úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti eða hann fallið niður af öðrum ástæðum, sbr. þó 50. gr.

Þegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína skal hann senda tilkynningu þess efnis til stjórnar verkamannabústaða. Stjórnin skal tilkynna eiganda afstöðu sína innan 30 daga ella telst forkaupsrétti hafnað og gilda þá ákvæði þriðja málsliðar 50. gr.

Um íbúðir, sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar skv. lögum nr. 97/1965, svo og þær íbúðir, sem byggðar voru skv. lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum skv. þessum kafla. Stjórnir verkamannabústaða skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða og varðandi fjármögnun þeirra við sölu skulu gilda ákvæði 49. gr.

63. gr.

Seljandi íbúðar skal fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbætur skal greiða miðað við hækkun lánskjaravísitölu en heimilt er að miða við byggingarvísitölu ef lánskjaravísitala liggur ekki fyrir. Draga skal frá ½%-fyrningu fyrir hvert ár eignarhaldstíma.

Stjórn verkamannabústaða skal greiða seljanda andvirði endurbóta á íbúðinni skv. nánara samkomulagi milli þeirra. Sömuleiðis skal taka tillit til ástands íbúðar við afhendingu, einnig skv. nánara samkomulagi.

Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákv. 5. mgr. 51. gr. Heimilt er að lækka útreikning eða afskrifa eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins í sama hlutfalli og verð íbúðar.

Seljandi íbúðar á rétt til fullnaðargreiðslu skv. þessari grein, eða úrskurði matsnefndar, innan 8 vikna frá afhendingu íbúðar. Afhending skal að jafnaði ekki fara fram fyrr en niðurstaða liggur fyrir um fjárhæð greiðslu til seljanda íbúðar.

Þegar liðin eru 30 ár frá sölu íbúðar getur eigandi hennar óskað eftir að fá gefið út kvaðalaust afsal. Þeim sem fer með málefni þessara íbúða í sveitarfélaginu er skylt að verða við slíkri ósk, enda hafi eigandi íbúðar eða maki hans átt íbúðina allan þann tíma og hann greiði upp eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins og/eða Byggingarsjóði verkamanna.

64. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, skv. 50. og 62. gr. Við ákvörðun söluverðs skal m. a. taka tillit til byggingarkostnaðar íbúða á þeim tíma sem sala fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Við ákvörðun markaðsverðs skal m. a. stuðst við upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins. Stjórn verkamannabústaða annast sölu íbúða í umboði sveitarstjórnar.

Heimilt er að veita nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til þess sem kaupir gamla íbúð í verkamannabústað, sbr. 2. og 3. mgr. 62. gr.

Slíkt lán má nema allt að 80% söluverðs íbúðar, en þó ekki hærri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar, sbr. 32. gr. Heimilt er húsnæðismálastjórn að láta áhvílandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

Hagnaður, sem verða kann af sölu eldri íbúða í verkamannabústöðum, skal renna til Byggingarsjóðs verkamanna, enda verði sveitarstjórn þá ekki skylt að greiða 10% af viðbótarláni til Byggingarsjóðs verkamanna.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að nota hluta hagnaðar, sem myndast við sölu, til þess að greiða kostnað við eigendaskipti íbúðar, eða leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld skv. þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 50. og 51. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt inn öðru sinni.

65. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi láns úr Byggingarsjóði verkamanna greiddar upp.

Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda hennar skv. 64. gr. og skulu félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

66. gr.

Heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

67. gr.

Matsnefnd félagslegra íbúða skal vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Nefndin skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og stjórna verkamannabústaða sem til hennar er vísað og varðar útreikning greiðslu til seljanda samkvæmt 51. og 63. gr., svo og ákvarðanir um endursölu íbúða skv. 51. og 64. gr.

VI. KAFLI

Tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar.

68. gr.

Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a. Tæknisvið:
   1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.
   2. Að gera tillögu um staðalíbúðir skv. 32. gr. laga þessara til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
   3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á, og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.
   4. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b. Þjónustusvið:
   1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.
   2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.
   3. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.
   4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

69. gr.

Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VII. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

70. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16 – 25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 72. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

71. gr.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð skv. 1. mgr. 70. gr., hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Enn fremur skulu þeir, sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði skv. vottorði skólastjóra, eiga þess kost að fá endurgreitt það fjármagn er þeir hafa lagt í sjóðinn, þó ekki á sama ári og til skyldusparnaðarins er stofnað.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma sem fjármagnið er lagt í sjóðinn og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr sjóðnum að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunngildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innstæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn.

72. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, þ. e. karl og kona sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
b. Skólafólk sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
c. Þeir sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
d. Þeir sem eiga íbúð til eigin þarfa.
e. Þeir sem búa við varanlega örorku skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
f. Útlendingar sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir.

Sá sem telur sig eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði, ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

73. gr.

Heimilt er að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Beiðnir um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

74. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins eða innlánsstofnanir, sem hún semur við, skulu annast innheimtu á skyldusparnaði skv. lögum þessum.

Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skila því til Húsnæðisstofnunar ríkisins skv. nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði um undanþáguheimild sína.

75. gr.

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14 frá 15. mars 1965, ásamt síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Byggingarsamvinnufélög.

76. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmastan hátt ásamt öðrum byggingum, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum skv. lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

77. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjón og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarkstala stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarkstala stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m. a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna á fullnægjandi hátt félagsmönnum að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal síðan rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir skv. samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

78. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 11. gr. laga þessara. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélögum er veitt lán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði ef tryggilega er kveðið á um á hvaða verkstigi lokaáfanga skuli skilað.
c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem skv. ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.

d. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð er nemur minnst 1/5 hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað.
Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

79. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum raðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð, en ekki enn eignast tilskilinn 1/5 hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

80. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

81. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun skv. vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu skv. mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

82. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Enn fremur skal hún með lánum skv. 29. gr. laga þessara stuðla að því að unnt sé að ljúka framkvæmdum á sem skemmstum tíma.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum byggingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

83. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

84. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim varða sektum.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, lög nr. 59 frá 1973, um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og lög nr. 51 frá 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

Nr. 62 15. maí 1984

LÖG

um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu er gilti í mars 1983:

Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu:	Hámark hækkunar 1. maí 1983 frá marshúsaleigu 1983
Apríl—júní 1982	45%
Júlí—september 1982	32%
Október—desember 1982	21%
Janúar—mars 1983	10%

Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum þar sem ákveðið er að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

2. gr.

Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsgr. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega hver þessi breyting sé hverju sinni.

Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsgr. þessarar gr.

3. gr.

Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsgr. 2. gr. ef í gildandi samningi er kveðið svo á að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

4. gr.

11.1. Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir 9. og 10. gr. laga þessara, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á samkvæmt 1. mgr. 17. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

12. gr.

12.1. Um tóbaksreykingar á vinnustöðum, öðrum en skv. 9. og 10. gr., fer skv. nánari reglum sem setja skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Skal þess gætt sérstaklega að þeir, sem ekki nota tóbak, verði ekki fyrir óþægindum.

13. gr.

13.1 Tóbaksreykingar eru óheimilar í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru gegn gjaldtöku.

13.2. Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.

13.3. Setja skal sérreglugerð í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins um tóbaksreykingar um borð í skipum.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

14. gr.

14.1. Menntamálaráðuneytið skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla um skaðsemi tóbaksneyslu:
1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.
2. Í ríkisfjölmiðlum.

14.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gengst fyrir aðstoð við þá sem hætta vilja að reykja:
1. Á vegum heilsugæslustöðva.
2. Með námskeiðum í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

15.1. Skylt er að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

15.2. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

VI. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

17. gr.

17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.

18. gr.

18.1. Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og laga nr. 46/1980.

19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

19.2. Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.

19.3. Brot gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. varða sektum.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

20. gr.

20.1. Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

20.2. Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

22.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal skipa í tóbaksvarnanefnd sem annast skal tóbaksvarnastarf skv. lögum nr. 27/1977 og undirbúning að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerð skv. 2. mgr. 6. gr., um merkingar á tóbaki, skal samin þegar í stað og öðlast gildi um leið og lögin.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

30. maí 1984 **LÖG** Nr. 75

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við a-lið 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

23. gr. (verður 22. gr.) orðist svo:

Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst einn hektari;
2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um að landið sé vel fallið til skógræktar.

3. gr.

Á eftir III. kafla komi nýr kafli, sem verði IV. kafli, með fyrirsögninni: **Um ræktun nytjaskóga á bújörðum** og orðist svo:

a. (24. gr.)

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

b. (25. gr.)

Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a) Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.

b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

c. (26. gr.)

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríksins.

d. (27. gr.)

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi 4/5 af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

e. (28. gr.)

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.

b) að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

f. (29. gr.)

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir

lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

g. (30. gr.)

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

h. (31. gr.)

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

4. gr.

IV. kafli laganna (**Um Skógræktarfélag Íslands**) verður V. kafli, V. kafli verður VI. kafli og VI. kafli verður VII. kafli.

Töluröð greina í lögunum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um fjölda vélstjóra og vélavarða o. fl.

1. gr.

Fjöldi vélavarða og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

A. Á skipi með vél 75—220 kw. (102—299 hö.) einn vélavörður.
B. Á skipi með vél 221—750 kw. (300—1019 hö.) einn vélstjóri og einn vélavörður.
C. Á skipi með vél 751—1500 kw. (1020—2038 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri.
D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.) þrír vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar, þ. e. 2. og 3. vélstjóri.

Á farþega- eða flutningaskipum með vél 1300 kw. (1766 hö.) og stærri skal auk upptalinna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

II. KAFLI

Um atvinnuréttindi vélstjóra.

2. gr.

1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á fiskiskipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með 750 kw. (1019 hö.) vél og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS. III).
3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi.
   Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV.).
   Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með vél 400—750 kw. (543—1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera vélstjóri á skipi með vél 750 kw. (1019 hö.) og minni og undirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS. II).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél 750—1500 kw. (1019—2038 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
   Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).
4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera undirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
   Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF. II).
   Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með vél stærri en 750 kw. (1019 hö.) hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með vél 1500 kw. (2038 hö.) og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS. I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með stærri vél en 750 kw. (1019 hö.), þar af a. m. k. 6 mánuði sem 2. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 kw. (2038 hö.), hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF. I).

5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. gr.

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

III. KAFLI

Um eldri vélstjóraréttindi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótorvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.
d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

IV. KAFLI

Um undanþágur og mönnunarnefnd.

5. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, til fjölgunar eða fækkunar.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 2. gr. og 2. mgr. 3. gr.

Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar gr. skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins um öryggi og búnað skips.

7. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

V. KAFLI

Skírteini og læknisvottorð.

8. gr.

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 2. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélfræðingur	I.	(VF. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, hö. ótakmörkuð.
Vélfræðingur	II.	(VF. II)	Réttindi: Undirvélstjóri, hö. ótakmörkuð.
Vélstjóri	I.	(VS. I)	Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
Vélstjóri	II.	(VS. II)	Réttindi: Undirvélstjóri, 1500 kw. (2038 hö.) og minni.
Vélstjóri	III.	(VS. III)	Réttindi: Vélstjóri, 750 kw. (1019 hö.) og minni.
Vélavörður		(VV.)	Réttindi: Vélavörður.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess nema skírteinishafi fyrirgeri því.

9. gr.

Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti, en þó má krefjast endurnýjunar oftar ef sérstök ástæða er til.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra.

10. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

11. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa vélstjóranámi við erlenda skóla, að fá útgefin viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Við útreikning á afli véla í skipum skal farið eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar ríkisins.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72/1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 78 30. maí 1984

LÖG

um breyting á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða

myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar. Greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- og myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10,00 en kr. 30,00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.

Sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa, þar með talinna listflytjenda og framleiðenda, innheimtir höfundaréttargjald samkvæmt næstu málsgr. hér á undan og ráðstafar því. Innheimtumiðstöðinni skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

2. gr.

Í stað orðanna „1. málsgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 45. gr. komi: 1. og 3.—4. málsgr. 11. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum“ í upphafi 1. málsgr. 46. gr. komi: Óheimil er eftirgerð á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum.

4. gr.

Í stað orðanna „1. málsgr. 11. gr.“ í 2. mgr. 46. gr. komi: 1. og 3.—4. málsgr. 11. gr.

5. gr.

Upphaf 2. málsgr. 54. gr. orðist svo:
Sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

6. gr.

Við 2. málsgr. 54. gr. bætist nýr tölul. sem verður 6. tölul. og hljóðar svo:

6. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. málsgr. 11. gr.

7. gr.

2. málsgr. 56. gr. orðist svo:
Dæma skal höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætri háttsemi.

8. gr.

1. og 2. málsgr. 59. gr. orðist svo:
Brot á lögum þessum sæti opinberri ákæru, en jafnan skal málshöfðun heimil þeim sem misgert er við. Brot sæta aðeins opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við nema mikilvægir almannahagsmunir krefjist málshöfðunar.

Nú er höfundur látinn og getur þá enn fremur tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsgr. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin, krafist opinberrar ákæru eða höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.

9. gr.

B-liður 61. gr. orðist svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds samkvæmt 3. og 4. málsgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að fresta því að setja reglur samkvæmt 1. gr. um innheimtu gjalds af myndböndum og tækjum til upptöku á myndbönd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

Nr. 79 30. maí 1984

LÖG

um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1,70% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr. skal greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands uns skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann er að fullu greidd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um Íslenska málnefnd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

1. Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.
2. Málnefndin er stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Leita skal umsagnar nefndarinnar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu, að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.
3. Nefndin skal hafa samvinnu við stofnanir sem afskipti hafa af íslenskum manna- og staðanöfnum. Hún skal enn fremur leitast við að hafa góða samvinnu við þá sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem fjölmiðla og skóla.
4. Íslenskri málnefnd ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.

   Ef ástæða þykir til getur málnefndin átt frumkvæði að athugasemdum um meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.
5. Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn.

   Nefndin getur beitt sér fyrir fræðslu um málið og meðferð þess í opinberum stofnunum eða annars staðar, bæði með fundarhöldum og námskeiðum.
6. Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því hvaða nýyrði ná festu í málinu.

   Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla.
7. Íslensk málnefnd skal hafa samstarf við aðrar málnefndir á Norðurlöndum, m. a. með aðild að Norrænni málstöð, og eiga fulltrúa á hinum árlegu þingum þeirra ef við verður komið.

   Nefndin skal einnig, eftir ástæðum, hafa samvinnu við erlendar stofnanir sem gefa út sérhæfð orðasöfn, þ. á m. staðla.

   Að öðru leyti skal málnefndin leitast við að kynna sér starfsemi erlendra málræktarstofnana og alþjóðlegt starf til eflingar þjóðtungum.

3. gr.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar ber heitið Íslensk málstöð og er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum.

4. gr.

Rekstur Íslenskrar málstöðvar annast sérfróður forstöðumaður. Hann skal jafnframt vera prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Um veitingu starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Enn fremur skal leita álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur áður en embættið er veitt.

Að fengnum tillögum málnefndar skipar menntamálaráðherra annað fastráðið starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, lausræður starfsfólk í samráði við málnefndina, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

5. gr.

Starfsemi Íslenskrar málnefndar er kostuð af ríkisfé samkvæmt því sem veitt er í fjárlögum og hefur hún sjálfstæðan fjárhag.

Aðrar tekjur málnefndar eru:

a. styrkir til einstakra verkefna,
b. greiðslur fyrir aðstoð eða verk sem unnin eru á vegum málnefndar,
c. tekjur af útgáfu rita,
d. gjafir.

6. gr.

Fimm menn eiga sæti í Íslenskri málnefnd, skipaðir af menntamálaráðherra. Háskólaráð, heimspekideild Háskólans og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert en tveir eru skipaðir án tilnefningar.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

7. gr.

Íslensk málnefnd kemur saman þegar formaður boðar til fundar eða þrír nefndarmenn hið fæsta óska þess.

Málnefndin er ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi.

Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns.

8. gr.

Ef ágreiningur verður innan málnefndarinnar um túlkun þessara laga sker menntamálaráðherra úr.

9. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um Íslenska málnefnd og starfsemi Íslenskrar málstöðvar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, er heimilt að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
b. Rúmlest er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
c. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsókna eða til flutninga á eigin afla.
d. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
e. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
f. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
g. Önnur skip merkir hvert það skip sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í stafliðum c-f.
h. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
i. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

2. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

3. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

a. á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
b. á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn.

II. Flutningaskip:

a. á skipum 31—400 rúmlestir og minni einn stýrimaður,
b. á skipum 401—1500 rúmlestir tveir stýrimenn,
c. á skipum stærri en 1500 rúmlestir þrír stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:

a. á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
b. á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

Eigi er skylt að hafa stýrimenn á skipum sem eru 40 rúmlestir eða minni ef þeim er ætlað að leggja afla á land daglega.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

4. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

a. **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
b. **2. stig:** Ótakmörkuð stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

a. **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum.
b. **2. stig:** 1. 400 rúmlestir og minni.
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð.
c. **3. stig:** Ótakmörkuð stærð.

5. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 4. gr., eru bundin eftirfarandi siglingatíma með vísun til samsvarandi stafliða í 4. gr.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf.

I. Fiskiskip og önnur skip:

a. 24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
b. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og auk þess minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

a. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
b. 1. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 30 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
2. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
c. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

Af siglingatíma þeim, sem getið er í a-, b- og c-liðum, þarf minnst 6 mánaða hásetatíma á viðkomandi tegund skipa. Siglingatími á flutningaskipi gildir sama og siglingatími á farþegaskipi.

6. gr.

Siglingatími telst aðeins sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

Sé skipi lagt upp án þess að lögskráning úr skiprúmi fari fram skal geta þess í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en 1/5 hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími, sem umfram er, eigi reiknast til siglingatíma.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 40 rúmlestir eða minna þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

a. Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og að setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að forðast árekstur, flóði og fjöru, vitakerfi, björgunarstöðvum og björgunartækjum og lífgun úr dauðadái.
b. Hafa verið í 12 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr.

Vottorð um kunnáttu samkvæmt a-lið skal gefið af siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu. Ráðuneytið tilnefnir, eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, einn eða fleiri siglingafróða menn fyrir afmörkuð umdæmi til 5 ára í senn til að veita skipstjóraefnum leiðbeiningar og halda próf samkvæmt framangreindu.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 40 rúmlestum að stærð hefur sá einn sem hefur rétt til að gegna 1. stýrimannsstöðu á tilgreindum skipum, sbr. 4. og 5. gr., og hefur eftir öflun stýrimannsskírteinis verið:

I. Fiskiskip og önnur skip:

a. 12 mánuði stýrimaður á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
b. 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 40 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip og farþegaskip:

a. Engin réttindi.
b. 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
c. 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.
d. Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum samkvæmt stafliðum b og c án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

Hefur lokið 4. stigi stýrimannaskóla.

24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði sem 1. stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

9. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

10. gr.

Til þess að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti en þó má krefjast endurnýjunar oftar ef sérstök ástæða er til.

VI. KAFLI

11. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru skv. III. og IV. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð sem lögð voru fram við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en tveggja mánaða.

12. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

13. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

14. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

15. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóraskírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

16. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

17. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

18. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

19. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1985.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Nr. 82 28. maí 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laganna, 26. gr., komi nýr X. kafli svohljóðandi:

X. kafli

Um nám fullorðinna.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka stúdentsprófi. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Tölusetning lokaákvæða laganna breytist til samræmis, þannig að núverandi X. kafli verður XI. kafli og núverandi 27. gr. verður 28. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um erfðafjárskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða skatt til erfðafjársjóðs eftir lögum þessum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með þeim undantekningum er lög þessi greina.

Af fasteignum hér á landi, sem tilheyra dánarbúum sem skipt er erlendis, skal einnig greiða skatt eftir lögum þessum, enda sé ekki innheimtur af viðkomandi fasteign hliðstæður skattur í því ríki þar sem búskiptin fara fram.

Á sama hátt skal greiða skatt eftir lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrir fram greiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er á enda við fráfall hans.

2. gr.

Eftirtalin hugtök eru í lögum þessum notuð sem hér segir:

A. Sambýlismaður: Sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið.

B. Stjúpbarn: Barn maka, enda hafi það alist upp á heimili arfleiðanda.

C. Fósturbarn: 1) Barn annars manns er alist hefur upp á heimili arfleiðanda frá barnæsku til sjálfræðisaldurs, 2) barn sambýlismanns arfleiðanda, 3) barn maka arfleiðanda, ef það telst ekki stjúpbarn arfleiðanda.

3. gr.

Fjárhæð erfðafjárskatts ræðst af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda, hvort heldur sem arfur fellur til erfingja samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafargerningi.

Nú afsalar maður sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða af hinum aukna arfi sama erfðafjárskatt og hinum hefði borið að greiða er afsalaði sér arfi. Sé sá undanþeginn erfðafjárskatti, sem afsalar sér arfi, skal sá er þann arf hlýtur greiða af honum sama erfðafjárskatt og honum hefði borið að greiða ef hann hefði tekið þann arf beint.

4. gr.

Af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, sbr. 2. gr., skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr.

Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Fjárhæð erfðafjárskatts af arfi annarra erfingja en að framan greinir ákveðst þannig, sbr. þó 5. gr.:

A. Af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35. gr. erfðalaga nr. 8 1962, skal greiða af arfi hvers erfingja um sig: Af fyrstu 140 000,00 krónum 5 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 6 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um einn af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess að skatturinn nær því að verða 10 af hundraði.

B. Af arfi, sem fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra er ekki falla undir A-lið þessarar málsgreinar, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 15 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 17 af hundraði, og svo áfram þannig að skatturinn eykst um tvo af hundraði af hverjum 140 000,00 krónum er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 25 af hundraði.

C. Af arfi, sem fellur til afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðilja, skal greiða af arfi hvers erfingja: Af fyrstu 140 000,00 krónum 30 af hundraði, af næstu 140 000,00 krónum 33 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um þrjá af hundraði við hverjar 140 000,00 krónur er arfur hækkar um, allt til þess er skatturinn nær því að verða 45 af hundraði.

748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.

757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklaholi.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklaholi, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.

87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.
804 Flugvallarvegur Ólafsfirði: Af Kleifavegi við Ós að flugvelli.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Flögu.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Áslaksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Syðra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Draflastöðum.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.

835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðalheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmvaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Akurseli.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að Lóni.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Kópaskeri: Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.
875 Flugvallarvegur Þórshöfn: Af Langanesvegi hjá Sauðanesi að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1. Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellna-

hrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.

85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.

91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.

92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.

93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.

96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.

97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.

98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.

99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.

913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.

915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.

916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.

917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.

919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.

922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.

923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.

924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.

925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.

926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.

927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.

929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.

931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.

933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.

934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.

935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.

937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.

938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.

939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.

941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg við Gagnstöð.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 Suðurlandsvegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur.
36 Þingvallavegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
1 Vesturlandsvegur.
40 Hafnarfjarðarvegur.

41 Reykjanesbraut.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur.
416 Álftanesvegur.
421 Vogavegur.
422 Njarðvíkurvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur.
433 Reykjalundarvegur.
51 Akranesvegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Stykkishólmsvegur:
Snæfellsnesvegur – Stykkishólmur.
57 Snæfellsnesvegur.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri.
68 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður.
1 Norðurlandsvegur.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
808 Árskógssandsvegur.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut.
845 Aðaldalsvegur.

1 Austurlandsvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 **Fjallabaksleið nyrðri:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 **Sprengisandsleið:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 **Kjalvegur:**
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 **Skagafjarðarleið:**
Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 **Eyjafjarðarleið:**
Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 **Gæsavatnaleið:**
Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 18. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi A 10, nr. 99. Útgáfudagur 5. júlí 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1984

13. júlí 1984 225 Nr. 100

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

7. tl. 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
7. Iðnlánasjóð.

2. gr.

21. tl. 9. gr. reglugerðarinnar falli niður og 22. tl. sömu gr. verði 21. tl.

3. gr.

5. tl. 14. gr. orðist svo:
5. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

A 30

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi samkv. lögum nr. 30/1966, sbr. breytingu með lögum nr. 21/1980. Á undanförnum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Helgason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1984

30. júlí 1984 227 Nr. 102

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í sjávarútvegi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir til þess að létta þann rekstrarvanda er við sé að fást í sjávarútvegi landsmanna; unnið sé að endurskoðun á verðlagningu olíu með það fyrir augum að lækka verð hennar til útgerðar; þar til endurskoðun þessi komi til framkvæmda þyki rétt að veita útgerðinni tímabundna endurgreiðslu; þá sé þörf meira fjár til skuldbreytingalána útgerðar og fiskvinnslu en þegar hefur verið aflað, ennfremur sé talið nauðsynlegt að afla heimildar til að fella niður stimpilgjöld af öllum lánsskjölum, sem gefin verða út vegna þessarar skuldbreytingar.

Fyrir því eru hér með sett eftirfarandi bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgðalaga nr. 21 24. apríl 1984 um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, bætist:

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt I, skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. október 1984 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% tímabundna viðbót á sama stofn og greinir í I, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Ríkissjóður endurgreiðir Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins greiðslur þessar.

2. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka innlent eða erlent lán að fjárhæð allt að 350 milljónir króna eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Lánsfé þetta skal endurlána til lánastofnana er ráðstafi því til að breyta lausaskuldum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í föst lán.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum útgerðar og fiskvinnslu sem afgreidd eru á árinu 1984 í samræmi við reglur sjávarútvegsráðuneytisins.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð og nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1984

26. september 1984 229 Nr. 103

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn á deilu verkalýðsfélaga og sláturleyfishafa á Suðurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að verkfall verkalýðsfélaganna á Suðurlandi, Þórs á Selfossi, Rangæings á Hellu, Víkverja í Vík í Mýrdal og Samherja á Kirkjubæjarklaustri, hafi staðið yfir frá 17. sept. s. l. að því er varðar vinnu við sauðfjárslátrun.

Ítrekaðar sáttatilraunir hafa ekki borið árangur og ekki eru taldar horfur á lausn deilunnar í bráð.

Verkfallið hefur þegar valdið töf á því, að sauðfjárslátrun gæti hafist á Suðurlandi. Verði framhald á verkfallinu, er fyrirsjáanlegt stórfellt tjón sauðfjárbænda á þessu svæði. Ríkisstjórnin telur því, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á sauðfjárslátrun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör starfsmanna við sauðfjárslátrun á Suðurlandi.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa og starfskjara hafa hliðsjón af launum og starfskjörum starfsmanna við sambærileg störf.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls verkalýðsfélaganna Þórs, Rangæings, Víkverja og Samherja, sem hófst 17. sept. s. l.

4. gr.

Ákvæði gerðardómsins um laun og kjör koma til framkvæmda frá gildistöku laga þessara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

Stjórnartíðindi A 13, nr. 103. Útgáfudagur 26. september 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1984

30. nóvember 1984 231 Nr. 104

LÖG

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd, um álbræðslu við Straumsvík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 5. nóvember 1984, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969 og 10. desember 1975) um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1984.

Vígdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

ÞRIÐJI VIÐAUKI
VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 5. dag nóvembermánaðar 1984

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

annars vegar

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum

hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76, 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19, 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, og (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42, 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, sem er í eigu Íslenzka Álfélagsins hf. („ISALs“), dótturfélags Alusuisse;

Við aðalsamninginn eru tengd tiltekin fylgiskjöl, þar á meðal rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og ISALs og aðstoðarsamningur — rekstur milli Alusuisse og ISALs;

Ríkisstjórnin og Alusuisse óska nú að breyta tilteknum ákvæðum aðalsamningsins varðandi framleiðslugjald það er ISAL greiðir, og er það þáttur af sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, sem dagsettur er 5. nóvember 1984;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem fram hafa farið samkvæmt tilteknum ákvæðum í bráðabirgðasamningi dagsettum 23. september 1983 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, óska ríkisstjórnin og Alusuisse nú ennfremur að breyta tilteknum öðrum ákvæðum aðalsamningsins;

Aðilarnir staðfesta að hvorki tilvist né efni þeirra breytinga á aðalsamningnum, sem gerðar eru með samningi þessum, feli í sér viðurkenningu af hálfu neins aðila um að hann hafi brotið í bága við neitt ákvæði aðalsamningsins eða haldið fram neinni rangri túlkun á neinu þeirra ákvæða aðalsamningsins, sem breyting tekur til;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01. Samning þennan ber að nefna þriðja viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og

þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin"	málsgr. 1.01	(a)	
„Alusuisse"	málsgr. 1.01	(b)	
„Landsvirkjun"	málsgr. 1.01	(c)	
„Kaupstaðurinn"	málsgr. 1.01	(d)	
„ISAL"	málsgr. 1.01	(e)	
„Dótturfélag Alusuisse"	málsgr. 1.01	(f)	
„Fylgiskjöl"	málsgr. 1.02		
„Fylgisamningar"	málsgr. 1.02		
„Rafmagnssamningur"	málsgr. 1.02	(a)	
„Aðstoðarsamningur — rekstur"	málsgr. 1.02	(c)	(ii)
„Bræðsla"	málsgr. 1.03	(b)	

1.03. „Fylgiviðaukar" merkja skjöl þau, sem hér eru viðfest sem (i) fylgiskjal A, þ. e. þriðji viðauki við rafmagnssamninginn milli Landsvirkjunar og ISALs; (ii) fylgiskjal B, þ. e. þriðji viðauki við aðstoðarsamning — rekstur milli Alusuisse og ISALs; og (iii) fylgiskjal C, þ. e. breytingar á stofnsamningi og samþykktum Íslenzka Álfélagsins hf. (Icelandic Aluminium Company Limited).

1.04. „Staðfestingarlögin" merkja lög þau frá Alþingi, er veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 6.02 í samningi þessum.

1.05. „Gildistökudagur" merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 6.02 í samningi þessum.

2. gr.

Breyting á ákvæðum aðalsamningsins varðandi skatta og gjaldskyldu

2.01. Málsgrein 27.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að sett er semikomma í stað punkts á eftir orðunum „sem við á" í staflið (a) og síðan bætt þar við eftirfarandi:

„stofnkostnaður vegna mengunarvarnabúnaðar og búnaðar, sem settur er upp í tengslum við mengunarvarnabúnað, og skyldur kostnaður við fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkun bræðslunnar, aðra stækkun bræðslunnar og þriðju stækkun bræðslunnar, afskrifaður með jöfnum ársafskriftum á 8 ára tímabili frá þeim tíma að hann er tekinn í notkun, allt eins og nánar er tilgreint í málsgrein 2.02 í þriðja viðauka við aðalsamninginn og fylgiblaði A með honum; og heimilt er að byrja afskriftir á gengistapi, er ISAL verður fyrir, á sama ári og tapið verður til."

2.02 Eftirstöðvar afskriftastofna 1. janúar 1984 vegna mengunarvarnabúnaðar og búnaðar, sem settur er upp í tengslum við hann, og skylds kostnaðar (sem innifelur án takmörkunar þá liði, sem greindir eru í töflu 1 á fylgiblaði A með þessum samningi) að því er varðar fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrstu stækkun bræðslunnar, aðra stækkun bræðslunnar og þriðju stækkun bræðslunnar, eru eins og greint er um ýmsa flokka þessa búnaðar og kostnaðar, í töflu 2 á fylgiblaði A með samningi þessum. Þessa stofna í hverjum flokki skal afskrifa frá 1. janúar 1984 á þeim afskriftatíma, sem eftir er fyrir hvern flokk samkvæmt umræddri töflu 2, en þó háð endurmati vegna gengistapa, en slíkt endurmat skal gera í samræmi við aðalsamninginn.

2.03. Málsgrein 27.03 í aðalsamningnum breytist einnig á þá lund, að bætt er við staflið (d) nýjum málslið, svohljóðandi:

„ISAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ISALs fyrir það ár hefur verið endanlega

staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum."

2.04. Málsgreinum 29.05, 29.06 og 29.07 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að þær verði svohljóðandi í heild sinni:

„29.05. Til þess að staðreyna, hvort framleiðslugjald það, sem ISAL hafi greitt og beri að greiða fyrir eitthvert almanaksár, verði umfram 55% af nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, vegna þess að leiðréttur taxti hafi verið í gildi, eða minna en 35% af slíkum nettóhagnaði, skal Alusuisse leggja fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. júní næsta árs á eftir skýrslu um endurreikning á framleiðslugjaldi fyrir viðkomandi ár („endurreikningsskýrslu"). Í sambandi við þann endurreikning skal Alusuisse hafa byrðina af að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það ár með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt endurreikningsskýrslunni. Þessir endurskoðuðu reikningar skulu vera byggðir á ársreikningum ISALs fyrir viðkomandi ár, og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur.

29.06. Ríkisstjórnin skal á eigin kostnað skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvert ár, og heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög.

29.07. Endurreikningsskýrslu fyrir hvert ár ber ISAL að afhenda ásamt greiðslu að fullu á þeirri fjárhæð framleiðslugjalds, sem gjaldskyld er, eftir því sem endurreikningsskýrslan sýnir, umfram þær fjárhæðir, er greiddar hafa verið þegar á skattárinu samkvæmt málsgr. 29.02 og sýndar eru í c-lið viðkomandi framleiðslugjaldsskýrslu. Endurskoðun endurreikningsskýrslunnar, sem ríkisstjórnin lætur fram fara, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. september á endurreikningsárinu. Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig tilkynntar ISAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir umrætt ár eftir 1. september á endurreikningsárinu.

2.05. Málsgrein 30.03 í aðalsamningi breytist hér með á þann veg, að niður falla orðin „samkvæmt málsgrein 29.06" í staflið (a) og í stað þeirra skal skotið inn orðunum „og yfirförnum samkvæmt ákvæðum málsgreina 29.05 og 29.06".

2.06. Málsgrein 30.10 í aðalsamningi er hér með breytt með því að fella niður orðin „samkvæmt málsgrein 29.06" og skjóta inn í þeirra stað orðunum „og yfirfarin samkvæmt ákvæðum málsgreina 29.05 og 29.06".

2.07. Málsgrein 29.09 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„29.09. Á gildistökudegi sáttargerðarsamnings dags. 5. nóvember 1984 á milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal ríkisstjórnin færa ISAL til eignar fjárhæðina 4.081.071,85 Bandaríkjadollara (að viðbættum 1.646,93 Bandaríkjadollurum fyrir hvern dag frá 5. nóvember 1984 til gildistökudags umræddrs sáttagerðarsamnings eða frá 1. janúar 1985, eftir því hvor kemur fyrr, og 1.792,91 Bandaríkjadollara fyrir hvern dag frá 1. janúar 1985, þar til að gildistökudeginum kemur), er svarar til skattinneignar ISALs samkvæmt málsgrein 29.09 í aðalsamningnum, eins og hún átti við fyrir gerð þriðja viðauka við aðalsamninginn, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem Alusuisse hefur samþykkt, í greindum sáttargerðarsamningi, að skattinneignin skuli lækkuð um. Skattinneign þessi flyst frá gildistökudegi greinds sáttargerðarsamnings með ársvöxtum,

er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma, og ber að nota hana til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 31. desember 1983, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð framleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár þegar gjaldið er reiknað á grunntaxta. Skuldajöfnuðinn skal framkvæma hinn 1. febrúar ársins á eftir, þannig að vextir á fjárhæð sérhvers slíks skuldajafnaðar hætti að falla á 1. febrúar á því eftirfarandi ári. Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið, skulu þær endurgreiddar ISAL í reiðufé."

2.08. Málsgrein 33.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að sett er komma í stað punkts á eftir síðari málslið hennar og síðan bætt við hana eftirfarandi: „og engin viðurlög skulu á lögð vegna framleiðslugjalds ISALs í sambandi við endurskoðun þá, sem um ræðir í málsgreinum 29.06 og 29.07 í samningi þessum."

3. gr.

Breyting á almennum ákvæðum aðalsamningsins

3.01 Málsgrein 49.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að þriðji málsliður er felldur niður og í stað hans skotið inn nýjum málslið svohljóðandi: „Eigi síðar en þremur árum áður en þrjátíu og fimm ár eru liðin frá AR I (á „valdegi") getur hvort heldur ríkisstjórnin eða Alusuisse lýst yfir (með skriflegri tilkynningu til hins aðilans) þeirri ætlan sinni að kjósa að framlengja gildistíma samnings þessa, og þá einnig gildistíma fylgisamninganna, um önnur tíu ár til viðbótar, og hafi slík yfirlýsing verið gefin, getur hvor aðili sem er kosið að framlengja gildistímann eigi síðar en sex mánuðum áður en þessi þrjátíu og fimm ár eru liðin."

4. gr.

Breyting á ákvæðum aðalsamnings varðandi hluti og hluthafa í ISAL

4.01. Málsgrein 1.01(g) í aðalsamningnum breytist þannig að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„(g) „Samþykktur hluthafi" merkir sérhvert félag (annað en Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse), sem ekki er íslenskt og sem á fimmtíu af hundraði (50%) eða minna af hlutafé í ISAL;"

4.02. Hvarvetna þar sem þau koma fyrir í aðalsamningnum skulu orðin „minnihluta hluthafi" eða „minnihluta hluthafar" falla brott, en orðin „samþykktur hluthafi" eða „samþykktir hluthafar", í sömu röð, koma í þeirra stað.

4.03. Í niðurlagi málsgreinar 22.01 í aðalsamningnum falla brott orðin „minna en fimmtíu og einn hundraðshluta (51%) þeirra útistandandi hlutabréfa sem almennur atkvæðisréttur í ISAL fylgir", og kemur eftirfarandi í þeirra stað: „minna en fimmtíu hundraðshluta (50%) af útistandandi hlutabréfum í ISAL, er almennur atkvæðisréttur fylgir (að meðtöldum í þeim fimmtíu hundraðshlutum sérhverjum hlutabréfum, er aðrir lögaðilar kunna að eignast í samræmi við málsgrein 22.04)."

4.04. Málsgrein 22.03 í aðalsamningnum breytist á þessa leið og verður svohljóðandi í heild sinni:

„22.03. Ef hlutabréf í ISAL eru gefin út eða framseld (með sölu eða á annan hátt) handa einhverjum samþykktum hluthafa með samþykki ríkisstjórnarinnar, skal hinn samþykkti hluthafi þar með og svo lengi sem hann á slík hlutabréf öðlast og vera aðnjótandi réttinda hluthafa í ISAL og þeirra hagsbóta, sem því fylgja, en þó með þeim skilmálum og skilyrðum, sem segir í þessari málsgrein 22.03. Án þess að takmarka á

nokkurn hátt rétt ríkisstjórnarinnar til þess að setja önnur skilyrði fyrir veitingu samþykkis síns til slíkrar útgáfu eða framsals á hlutabréfum í ISAL, skal það jafnan vera skilyrði fyrir slíkri útgáfu eða framsali, að hinn væntanlegi samþykkti hluthafi undirriti og afhendi ríkisstjórninni skriflegt skjal í því formi, er ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem hinn samþykkti hluthafi skal meðal annars fallast á öll ákvæði og skilmála samnings þessa og fylgiskjalanna og skal samþykkja að vera bundinn af öllum slíkum ákvæðum og skilmálum að því leyti sem þau eiga við um samþykkta hluthafa, þar á meðal af ákvæðum 45., 46. og 47. greinar samnings þessa, án þess að tæmandi sé talið. Hafi ríkisstjórnin og Alusuisse ekki samþykkt annað, skal útgáfa eða framsal hluta til samþykkts hluthafa ekki hafa neinskonar áhrif á neinar skuldbindingar Alusuisse gagnvart Landsvirkjun, kaupstaðnum eða ríkisstjórninni samkvæmt samningi þessum eða fylgiskjölunum, né á skuldbindingar þessara aðila gagnvart Alusuisse eða ISAL."

4.05. Við 22. grein aðalsamningsins bætist ný málsgrein 22.04, svohljóðandi:

„**22.04.** Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar 22.01 skal Alusuisse eiga rétt til að framselja (með sölu eða á annan hátt) hlutabréf, sem Alusuisse á í ISAL, í heild eða að hluta til eins eða fleiri lögaðila, nú eða síðar, sem eru á þeim tíma í einkaeign Alusuisse, beint eða í gegnum aðra slíka aðila í einkaeign, eða að láta gefa út hlutabréf í ISAL til slíkra aðila, og að láta framselja þau hlutabréf, sem þannig eru gefin út eða framseld, á meðal slíkra aðila og frá slíkum aðilum til Alusuisse. Slík útgáfa eða framsöl til þessara aðila eða framsöl þeirra á meðal skulu aðeins halda gildi sínu jafnlengi og þessi tengsl við Alusuisse vara, nema ríkisstjórnin samþykki annað. Útgáfa eða framsal á hlutabréfum til umræddra aðila skal ekki hafa neinskonar áhrif á neinar skuldbindingar Alusuisse gagnvart Landsvirkjun, kaupstaðnum eða ríkisstjórninni samkvæmt samningi þessum eða fylgiskjölunum, né á skuldbindingar þessara aðila gagnvart Alusuisse eða ISAL. Ef hlutabréf í ISAL eru gefin út og framseld til einhvers slíks aðila skal hann þar með og jafnlengi og hann á þau hlutabréf öðlast og vera aðnjótandi réttinda hluthafa í ISAL og þeirra hagsbóta, sem því fylgja, en þó með þeim skilmálum og skilyrðum, sem segir í þessari málsgrein 22.04. Sérhver aðili, sem þannig hefur fengið hlutabréf í ISAL útgefin eða framseld, skal verða skuldbundinn af samningi þessum og fylgiskjölunum á grundvelli útgáfunnar eða framsalsins og skal staðfesta þetta berum orðum með því að undirrita og afhenda ríkisstjórninni skriflegt skjal í því formi, sem ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem aðilinn fellst á öll ákvæði og skilmála samnings þessa og fylgiskjalanna og samþykkir að vera bundinn af öllum þessum ákvæðum og skilmálum að því leyti sem þau eiga við um slíka aðila, þar á meðal af ákvæðum 45., 46. og 47. greinar samnings þessa, án þess að tæmandi sé talið. Alusuisse skal skilyrðislaust ábyrgjast ríkisstjórninni, Landsvirkjun og kaupstaðnum réttar og skilvísar efndir af hálfu slíks aðila á öllum skuldbindingum hans samkvæmt ákvæðum þessum og skilmálum. Þar sem rætt er um Alusuisse í samningi þessum sem eiganda að hlutabréfum í ISAL, þar á meðal í málsgreinum 20.01, 22.01 og 22.02, án þess að tæmandi sé talið, skal svo á litið að átt sé einnig við sérhvern slíkan aðila, sem er eigandi að þeim hlutabréfum."

4.06. ISAL skal samþykkja breytingarnar á stofnsamningi og samþykktum þess, sem greinir í fylgiskjali C með samningi þessum, eigi síðar en á næsta aðalfundi ISALs eftir gildistökudag þessa samnings.

5. gr.

Tengsl við breytingar á fylgiviðaukunum

5.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgiviðaukunum undirrita þá í því formi sem fylgiviðauki A og fylgiviðauki B eru. Ríkisstjórnin og Alusuisse

staðfesta samþykki sitt við fylgiviðauka A með áritun sinni á hann, og ríkisstjórnin staðfestir samþykki sitt við fylgiviðauka B með áritun á hann.

5.02. Fylgiviðauki A verður beinn hluti af fylgiskjali A með aðalsamningnum, fylgiviðauki B verður beinn hluti af fylgiskjali C2 með aðalsamningnum og fylgiviðauki C verður beinn hluti af fylgiskjali E með aðalsamningnum. Allar tilvísanir til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða hvers þeirra sem er, sem gerðar eru í aðalsamningnum (eins og honum hefur hér með verið breytt), eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna eins og þeim hefur verið breytt með fylgiviðaukunum og fyrri fylgiviðaukum, nema samhengi krefjist annars.

6. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

6.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum, eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

6.02. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur") og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

6.03. Útreikningur og endurskoðun vegna framleiðslugjaldsskyldu ISALs frá og með 1. janúar 1984 skal fara eftir aðalsamningnum eins og honum er breytt með samningi þessum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Sverrir Hermannsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri

FYLGIBLAÐ A VIÐ ÞRIÐJA VIÐAUKA VIÐ AÐALSAMNINGINN

Tafla 1

(1) Þurrhreinsistöðvar I og II, sem samanstanda af pokahúsum, efnahverfum, reykháfum, loftþjöppustöðvum nr. 2 og 3, spennistöðvum nr. 54 og 55, veikstraumskerfi, tengingum, undirstöðum og daggeymum nr. 1 til og með 4.
(2) Reykrör um 7 km á lengd, 0,4 til 3,0 metrar að þvermáli.
(3) Forskautahluti keranna að meðtöldum tölvustýrðum punktþjónustueiningum með skurnbrjótum, súrálsgeymum, súrálsskömmturum, lyftibúnaði, þverbitum, mótorfestingum og hjálparskautbrúm.
(4) Raflausnarendurvinnslustöð með raflausnarmölunarstöð og raflausnargeymslusílói; að auki eru 3 raflausnarflutningatæki, ALF_3-síló, kríólít síló, pokaopnunarbúnaður, tilheyrandi undirstöður og fastabúnaður.
(5) Tölvustýrikerfi, sem samanstendur af 12 MPX-stöðvum (ásamt búnaði), tölvubyggingu (ásamt 2 stýritölvum og öðrum búnaði), og rafmagnsbúnaði.
(6) Þéttflæðisúrálsflutningakerfi í kerskála 1, 2 brúarkranar með 4 súrálstönkum í kerskála 2, ásamt tilheyrandi undirstöðum.
(7) Járnsteypibúnaður fyrir skautgaffla, ásamt 1 ísteypustöð, 2 járnbræðsluofnum, 1 brúarkrana, spennistöð nr. 67, 2 afdráttarpressum og aukabúnaði.
(8) Skauthúðunarstöð.
(9) Loftþjöppumiðstöð nr. 4 með 4 MAHLE loftþjöppum og loftþurrkurum, spennistöð nr. 56, tengingum og tilheyrandi undirstöðum.
(10) 20 kV orkudreifikerfi/kaplar.
(11) Nauðsynlegur búnaður á svæðinu.
(12) Flutningskostnaður fyrir ofangreindan búnað.
(13) Byggingarkostnaður og uppsetningarkostnaður fyrir ofangreindan búnað.

Tafla 2

Flokkar	Afskriftatími		Eftirstöðvar afskriftastofna hinn 1. janúar 1984	Eftirstöðvar afskriftatíma frá 1. janúar 1984
	Byrjun	Endir		
Stig 1 til og með 4	1. júlí 1979	30. júní 1987	132,365,124	3 ár 6 mánuðir
AR IV	1. janúar 1980	31. desember 1987	77,662,532	4 ár
Stig 5	1. janúar 1982	31. desember 1989	72,134 626	6 ár
Stig 6	1. janúar 1982	31. desember 1989	234,431,079	6 ár
Stig 7	1. apríl 1982	31. marz 1990	335,759,841	6 ár 3 mánuðir

THIRD AMENDMENT
TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LIMITED

AGREEMENT made as of the 5th day of November, 1984

BETWEEN

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government"), of the First Part,

AND

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as Alusuisse"), a company organized under the laws of Switzerland, of the Second Part.

WHEREAS the Government and Alusuisse are parties to an agreement dated March 28, 1966, ratified by Act of the Althing No. 76, May 13, 1966, and effective as of September 20, 1966, amended (i) by a First Amendment dated October 28, 1969, ratified by Act of the Althing No. 19, April 6, 1970, and effective as of April 16, 1970, and (ii) by a Second Amendment dated December 10, 1975, ratified by Act of the Althing No. 42, May 25, 1976, and effective as of June 12, 1976 (hereinafter as so amended referred to as the "Master Agreement"), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant and appurtenant facilities at Straumsvik in the Township of Hafnarfjördur, owned by Icelandic Aluminium Company Ltd. ("ISAL"), a subsidiary of Alusuisse:

WHEREAS certain Scheduled Documents are annexed to the Master Agreement, including a certain Power Contract between Landsvirkjun and ISAL and a certain Assistance Agreement-Operation between Alusuisse and ISAL;

WHEREAS the Government and Alusuisse now wish to amend certain provisions in the Master Agreement relating to the Consolidated Tax payable by ISAL, as part of the Settlement Agreement dated as of November 5, 1984 between the Government and Alusuisse;

WHEREAS the Government and Alusuisse, as a result of negotations conducted pursuant to certain provisions of the Interim Agreement dated as of September 23, 1983 between the Government and Alusuisse, now wish to amend certain other provisions of the Master Agreement;

WHEREAS the Parties acknowledge that neither the existence nor the contents of the amendments to the Master Agreement set forth herein constitute admissions by either party that any provision in the Master Agreement has been breached by such party or that any interpretation of any affected provision of the Master Agreement heretofore advanced by such party is incorrect;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AF FOLLOWS:

Article 1

Title of this Agreement and Definitions Used Herein

Section 1.01. This Agreement shall be known as the Third Amendment to the Master Agreement.

Section 1.02. Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement shall have the meanings assigned to them in the Sections specified in Article 1 of the Master Agreement:

"Government"	Section 1.01(a)
"Alusuisse"	Section 1.01(b)
"Landsvirkjun"	Section 1.01(c)
"Township"	Section 1.01(d)
"ISAL"	Section 1.01(e)
"Alusuisse Affiliate"	Section 1.01(f)
"Scheduled Documents"	Section 1.02
"Scheduled Contracts"	Section 1.02
"Power Contract"	Section 1.02(a)
"Assistance Agreement-Operation"	Section 1.02(c)(ii)
"Smelter"	Section 1.03(b)

Section 1.03. The "Scheduled Amendments" shall mean the documents annexed hereto as (i) Schedule A, namely the Third Amendment to the Power Contract between Landsvirkjun and ISAL; (ii) Schedule B, namely the Third Amendment to the Assistance Agreement-Operation between Alusuisse and ISAL; and (iii) Schedule C, namely the Amendment to the Memorandum of Association and Statutes of Islenzka Alfelagid H/F (Icelandic Aluminium Company Limited).

Section 1.04. The "Ratifying Act" shall mean the Act of the Althing that gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 6.02 of this Agreement.
